

## Svar

### umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Eydísi Ásbjörnsdóttur um rafvæðingu skipa og hafna.

1. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir orkustefnu til ársins 2050 þegar kemur að rafvæðingu skipaflotans og hafna vegna orkuskipta?*

Orkuskipti eru eitt af meginleiðarljósum orkustefnu til ársins 2050. Auk þess hafa stjórnvöld sett markmið um full orkuskipti fyrir árið 2040 á öllum sviðum. Töluverða orku þarf til að mæta orkuskiptunum, bæði í formi aukinnar raforkuframleiðslu sem og rafeldsneytis hvers konar. Orkuþörfin árið 2040 gæti numið sjö teravattstundum fyrir orkuskipti á vegum, á hafi og fyrir innanlandsflug.

Rammaáætlun var samþykkt á síðasta löggjafarþingi sem heimilar nýja orkukosti í nýtingarflokk eftir langa kyrrstöðu. Einnig voru á síðasta þingi samþykkt lög sem heimila aflstækkun virkjana þannig að hún þurfi ekki að fara í gegnum lengra ferli rammaáætlunar. Þá eru starfshópar að störfum sem eru að meta kosti vindorku á landi og á hafi, auk óhefðbundnari kosta eins og varmadælna, sjávarfallavirkjana og framleiðslu flugeldsneytis.

Til að tryggja framgang orkuskipta er einnig þörf á þróun og framleiðslu vetnis eða rafeldsneytis. Ísland er í kjörstöðu til að framleiða grænt vetni og rafeldsneyti með því að nýta endurnýjanlegar orkuauðlindir sínar. Samkeppnishæft raforkuverð, framboð á grænni grunnorku og 100% grænt raforkukerfi gerir Íslendingum kleift að framleiða grænt vetni á sjálfbæran hátt og á samkeppnishæfu verði. Búist er við því að rafeldsneyti, líkt og e-metanól, e-ammoníak og e-dísill, muni gegna stóru hlutverki við orkuskipti á hafi.

Orkusjóður hefur verið stórefldur og mun áfram nýtast sem tæki stjórnvalda til að stuðla að orkuskiptum, fyrir umferð um landið, hafið eða í lofti. Stutt er við verkefni sem eru innviða-, eldsneytis- eða tækjaverkefni sem strax við notkun draga úr jarðefnaeldsneytisbrennsli. Undanfarin ár hefur flokkur styrktarverkefna sem falla undir orkuskipti í haftengdri starfsemi, þ.m.t. hafnartengingar og skip, farið stækkandi.

2. *Hver er afstaða ráðherra til þess að hækka mótframlög ríkisins til sveitarfélaga vegna innviðauppbyggingar við hafnir vegna orkuskipta?*

Stuðningur við orkuskipti og innviði sem tengjast þeim, bæði á landi og fyrir orkuskipti á hafi, hafa verið í gegnum Orkusjóð. Í samræmi við fjármálaáætlun verður aukinn stuðningur veittur sem mótframlag til verkefna á þessu sviði og þar með talið til styrkingar raftenginga í höfnum. Þá er, eins og með fyrri styrkveitingar, rekstraraðili hafnarinnar sem leggur í framkvæmdina sem hlýtur styrkinn.